

## Fræðslusjóður Eflingar og opinberra launagreiðanda

### Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja

---

1. Félagismaður sem unnið hefur og greitt félagsgjöld í 6 mánuði af síðustu 24 mánuðum á rétt á fræðslustyrk.
2. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða **þegar umsókn berst**. Félaggjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkuppæð.
3. Til að fá greiddan styrk þarf að skila inn umsókn áamt fullgildri greiðslukvittun til Eflingar stéttarfélags eftir greiðslu námskeiðs/skólagjalda og í síðasta lagi innan 12 mánaða frá dagsetningu reiknings. Ekki er greitt fyrir nám/námskeið sem hófst fyrir samfellda aðild.
4. Áunnin réttindi félagsmanna haldast óbreytt þrátt fyrir flutning milli fræðslusjóða Eflingar stéttarfélags. Einnig eru samningar um réttindaflutning milli allra sjóða innan Starfsgreinasambandsins og VR.
5. Félagismaður sem hverfur frá vinnu heldur áunnum réttindum sínum til styrks í 3 mánuði. Að 3 mánuðum liðnum fellur réttur hans niður. Hverfi félagismaður frá vinnu vegna veikinda eða heimilisaðstæðna heldur hann rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.
6. Félagsmenn í launalausum leyfi eða í foreldraorlofi geta nýtt sér áunnin réttindi skv. 1. og 2. gr.
7. Félagsmenn í fæðingarorlofi geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. Ef þeir velja að greiða félagsgjöld á tímabilinu.
8. Félagsmenn sem verða atvinnulausir geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. og 2. gr. ef þeir velja að greiða félagsgjöld á tímabilinu.
9. Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.
10. Til starfstengds náms telst:
  - a. Nám í framhaldsskóla og efniskostnaður sem er órjúfanlegur hluti af náminu.
  - b. Nám í háskóla.
  - c. Nám hjá viðurkenndum fræðsluaðila sem nýtist til starfs.
  - d. Ríkisborgarapróf.
  - e. Prófgjöld ásamt efniskostnaði sem er órjúfanlegur hluti af prófinu.
  - f. Bílpróf og aukin ökuréttindi (bóklegt, verklegt og prófið sjálft).
  - g. Sjálfstyrking.
  - h. Tungumálanám.
11. Til tómtundanáms telst nám sem ekki fellur undir 10. gr.

## Upphæð endurgreiðslu á almanaksári

---

- Greitt er 100% af reikningi að hámarki 150.000 kr. á ári fyrir allar tegundir styrkja.

### Undantekningar eru eftirfarandi:

- Tólmstundanám er styrkt 100% af reikningi að hámarki 50.000 kr.
- Styrkir til félagsmanna sem fara í ferðir erlendis, skipulagðar af viðkomandi stofnun til kynningar á starfsemi annarra eru veittir á **3 ára fresti**. Styrkurinn nemur að hámarki 150.000 kr. á einstakling þó ekki meira en sem nemur kostnaði. Með umsókn þarf að fylgja markmið og mat yfirmanns á því hvernig ferðir mun nýtast í starfi, staðfesting móttökuaðila og afrit af ferðagögnum.
- Styrkir til félagsmanna sem fara í ferðir innanlands, skipulagðar af viðkomandi stofnun til kynningar á starfsemi annarra eru veittir á **2 ára fresti**. Styrkurinn er að hámarki 55.000 kr. á einstakling þó ekki meira en sem nemur kostnaði.
- Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu tvö ár eiga rétta á styrk allt að 300.000 kr. eða síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að 450.000 kr. fyrir eitt samfellt starfstengt nám samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

***Hlutverk Fræðslusjóðs Eflingar og opinberra launagreiðanda er að efla sí- og starfsmenntun félagsmanna vegna þeirra starfa sem þeir gegna eða vegna áætlunar þeirra og vinnuveitanda um starfsþróun.***

***Starfsmenn skulu eiga kost á fræðslu og símenntun til að auka þekkingu sína og faglega færni.***